

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 2 000.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 2 000 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum til samræmingar við nágranna-veiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. júní 1976, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, söluskattsauki 2% og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum D1, D3 og D5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 259 29. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 8.

5. janúar 1977.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

1. Lýsing.

- 1.1 Um kWst.-mæli á kr. 50.00 hverja kWst.
- 1.2 Um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólfleti:
 - a) fyrir varslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 14.65 á m² á mánuði.
 - b) fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 7.33 á m² á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

- 2.1 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 15.60 hverja kWst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárliðum 1.1 eða 1.2.
- 2.2 Um kWst.-mæli á kr. 12.00 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemur kr. 7.33 af m² á mánuði af gólfleti íbúðar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

- 3.1 Um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst.
- 3.2 Stórnotkun á mestaafismæla þannig reiknað:
Aflgjald kr. 16 189.00 kW á ári.
Orkugjald kr. 5.54 hverja kWst. af allri notkun.
- 3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 15.60 hverja kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 10.30 hverja kWst.
Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun kr. 9.60 hverja kWst.

4. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar og hitavatnsdunka um kWst.-mæli kr. 4.40 hverja kWst.
- 4.2 Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 4.00 hverja kWst., enda megi rjúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra.
- 4.3 Til hitunar í iðnaði er heimilt að selja raforku á kr. 6.00 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
- c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst.
- 5.2 Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 21.60 hverja kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilkomnu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasamælum, 30 Amp. kr. 40.00 á mánuði
2. Af þrifasamælum, 50 Amp. — 80.00 á mánuði
3. Af þrifasamælum, 50—100 Amp. — 110.00 á mánuði
4. Af mestaafismælum, 100 Amp. — 250.00 á mánuði
5. Af mestaafismælum, yfir 100 Amp. — 510.00 á mánuði

Af öðrum mælitækjum en þeim, er nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna, leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald Kr.	Yfirlengdargjald Kr./m
63 A 3ja fasa jarðstrengur	66 840.00	3 576.00
100 A 3ja fasa jarðstrengur	83 040.00	4 020.00
125 A 3ja fasa jarðstrengur	103 800.00	4 560.00
200 A 3ja fasa jarðstrengur	162 000.00	6 120.00
300 A 3ja fasa jarðstrengur	234 000.00	7 224.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðamörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

Söluskattur og verðjöfnunargjald, samtals 33% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema gjaldalið 4. sem er sala raforku til upphitar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu í Siglufirði, þannig að þau teljast jafngilda 80% af útsöluverði á dieselolíu 1. jan. 1977 eða kr. 28.00 pr. lítri, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%. Breytingar gjalda skv. 1. og 2. lið til hækkunar eru því aðeins gildar að samþykki iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 175 30. apríl 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

5. janúar 1977.

Nr. 9.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

TAFLA I. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Númer á mælal.
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
A — LÝSING					
1.1	Án fastagjalds	56,00			01
1.2	Með fastagjaldi	30,00		224	01
1.3	Götu og hafnarlýsing	11,40			03
1.4	Við húsbýggingar	29,30			01
B — HEIMILI					
2.1	Með fastagjaldi	14,80		1 485	01
C — IÐNAÐUR OG VERSLUN					
3.1	Smávélar	30,00			02
3.2	Stór notkun	5,12		14 020	04
D — HITUN					
4.1	Án rofs	12,00			01
4.2	Með rofi 1 kl/á dag	6,90			03
4.3	Með rofi 3 kl/á dag	4,30			03
4.4	Með rofi 3 kl/á dag, sumarhitun	2,05			03
4.5	Með rofi 14 kl/á dag, næturhitun	2,05			03
F — ANNÆÐ					
5.5	Sérsamningar				
5.2	Lokun húsveitna og enduropnun kr. 1000,00				
5.3	Súgþurrkun	7,20			
MÆLALEIGUR					
0.1	Einfasa almenn án stjót.			1 485	
0.2	Einfasa með stjórntart.			2 400	
0.2	Einfasa með stjórntart. og þrífasa án stjórntart.			2 400	
0.3	Þriggja fasa m/stjórntart.			4 380	
0.4	Þriggja fasa m/aflmæl.			9 345	